

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
240 Grindavík



Reykjavík 14. janúar 2016
UST201512-071/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði Brimketils við Mölvík, Grindavíkurbær.

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs Grindavíkurbæjar er barst 11. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði Brimketils við Mölvík, Grindavíkurbær.

Tilgangur ofangreinds deiliskipulags er að skipuleggja og skilgreina hverfisverndarsvæði Brimketils svo aðgengi verði öruggara og gildi svæðisins til útivistar aukið.


Meginmarkmið með áætluninni er að skilgreina aðkomu að svæðinu, skilgreina áningarstaði og bílastæði og bæta aðstöðu til útivistar.


Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir Reykjanes Geopark um að gera Brimketil og nágrenni aðgengilegt fyrir almenning.

Fram kemur í greinargerð að áætlað er að framkvæma stíga, bílastæði og útsýnispalla á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að aðlaga stíga að landi, einnig tekur stofnunin undir það að bílastæði eru áætluð á þegar röskuðu svæði og að lagfæra skuli röskuð svæði þar í kring.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur